

Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

Skrifstofa blaðsins
er í Síðumúla 29, 2. hæð,
150 Reykjavík.
Sími 560 9050. Myndsendir 568 7646.
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is
Árg. kostar 2.500 krónur,
hvert eintak 65 krónur.

Nr. 7 94. ár

Miðvikudaginn 24. janúar 2001

Laus störf

Skattstjórinn í Norðurlandsumdæmi eystra auglýsir laust til umsóknar starf í virðisauka-skattsdeild. Æskilegt er að umsækjendur hafi lokið prófi í viðskipta- eða rekstrarfræðum á háskólastigi, hafi sambærilega menntun eða víðtæka þekkingu og reynslu á þessu sviði.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun, reynslu og fyrri störf óskast sendar skattstjóra Norðurlandsumdæmis eystra, Hafnarstræti 95, 600 Akureyri, fyrir 9. febrúar nk. Um fullt starf er að ræða og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.

Nánari upplýsingar veitir skattstjóri í síma 461 2400.

Skattstjóri Norðurlandsumdæmis eystra.

(652)

Selfoss.

Laus er til umsóknar staða aðstoðarvarðstjóra við embætti sýslumannsins á Selfossi. Umsókn-um skal skilað til sýslumanns, Andrésar Valdimarssonar, fyrir 3. febrúar 2001. Þröstur Brynjólfsson, yfirlögregluþjónn, veitir nánari upplýsingar um stöðuna.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem fást hjá öllum lögreglustjórum. Einnig er hægt að nálgast þau á lögregluvefnum, [www.logreglan.is](#), undir liðnum „Eyðublöð“.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um.

Reykjavík, 2. janúar 2001.
Ríkislögreglustjórinn.

(672)

Laust prestakall

Biskup Íslands auglýsir að nýju laust til umsóknar embætti sóknarprests í Bíldudals-prestakalli, Barðastrandarprófastsdæmi frá 15. mars 2001.

- Kirkjumálaráðherra skipar í embættið.
- Um launakjör fer skv. ákvörðun kjara-nefndar, en að öðru leyti gilda um starfið lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.
- Óskað er eftir því að umsækjendur geri í umsókn skriflega grein fyrir menntun sinni, starfsferli og öðru því sem þeir óska eftir að taka fram.
- Valnefnd velur sóknarprest skv. starfsreglu um presta nr. 735/1998, en biskup ákveður með hvaða umsækjanda hann mælir náist ekki samstaða í valnefnd.
- Heimilt er að óska eftir því að almennar prestskosningar fari fram samkvæmt 20. gr. starfsreglna um presta nr. 735/1998, en ákveðið er svohljóðandi:
„Óski minnst þriðjungur atkvæðisbærra sóknarbarna í prestakalli þess, að almenn prestskosning fari fram er skylt að verða við

Auglýsing

um vísitölu neysluverðs til verðtryggingar

Hagstofan reiknar vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár skv. 1. tl. 1. mgr. b. liðar 1. gr. laga nr. 13/1995 um breytingu á vaxtalögum, nr. 25/1987, og vísitölu gagnvart fjárskuldbindingum tengdum lánskjaravísitölu, sem samið hefur verið um fyrir 1. apríl 1995, skv. e. lið 1. gr. laga nr. 13/1995 um breytingu á vaxtalögum nr. 25/1987.

Eftirfarandi vísitölur gilda fyrir febrúar 2001:

Vísitala neysluverðs: 202,4 stig.

Vísitala gagnvart eldri fjárskuldbindingum tengdum lánskjaravísitölu: 3.996.

Reykjavík, 12. janúar 2001.
Hagstofa Íslands.

546)

Auglýsing

um skipulag í Kópavogi

Kópavogskirkjugarður. Breytt deiliskipulag.

Tillaga að breyttu deiliskipulagi Kópavogskirkjugarðs, auglýsist hér með skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Breytingin nær til innra skipulags kirkjugarðsins.

Uppdrættir, ásamt skýringarmyndum og greinargerð verða til sýnis á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, II. hæð frá kl. 9-16 alla virka daga frá 24. janúar til 21. febrúar 2001. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega Bæjarskipulagi eigi síðar en kl. 15.00 miðvikudaginn 14. mars 2001. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

Kópavogi 15. janúar 2001.
Skipulagsstjóri Kópavogs.

653)

Auglýsing

um breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar í Mosfellsdal

Á fundi bæjarstjórnar þann 8. nóvember 2000 var samþykkt kynning á tillögu að breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar í samræmi við 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin felst í því:

a) að landnotkun í Mosfellsdal, á svæði sem afmarkast af Þingvallavegi til norðurs, vegi að Æsustöðum til vesturs, landi Haðastaða til austurs og vegi neðan Æsustaðafjalls til suðurs, er breytt úr notkun til landbúnaðar í blandaða landnotkun landbúnaðar- og íbúðarsvæðis skv. skilgreiningu í greinargerð, gr. 3.2.5 með aðalskipulagi um landnotkun á blönduðu svæði í Mosfellsdal.

Tillagan verður til sýnis í afgreiðslu bæjarskrifstofu Mosfellsbæjar, Þverholti 2, fyrstu hæð, frá kl. 8–15.30 alla virka daga, frá 24. janúar 2001 til 22. febrúar 2001. Athugasemdir ef einhverjar eru, skulu hafa borist skipulags- og byggingarnefnd Mosfellsbæjar fyrir 12. mars 2001.

Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

Mosfellsbæ, 15. janúar 2001.
Bæjarverkfræðingurinn í Mosfellsbæ.

651)

Nauðungarsölur Ólafsfjörður

Eftirtalдар beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Ólafsvegi 1, Ólafsfirði, miðvikudaginn 21. febrúar 2001 kl. 10.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Bakki	Jarðeignir ríkisins	Lánasjóður landbúnaðarins	609.736
Hlíðarvegur 8	Anna Sigríður Pálmadóttir og Ólafur Halldórsson	Íbúðalánasjóður	68.234

680)

Ólafsfirði, 10. janúar 2001.
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði,
Ingvar Þóroddsson fulltrúi.

Sauðárkrókur

Eftirtalin beiðni um nauðungarsölu til fullnustu kröfu um peningagreiðslu verður tekin fyrir á skrifstofu embættisins að Suðurgötu 1, Sauðárkróki, fimmtudaginn 22. febrúar 2001, kl. 14.00, hafi hún ekki áður verið felld niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli	Gerðarbeiðandi:	Fjárhæð kröfu í krónum:
Freyjugata 19, e.h. ⁵⁴⁵⁾	Db. Margrétar Jóhannesdóttur	Lífeyrissjóðir Bankastræti 7	1.383.397
Sauðárkróki, 11. janúar 2001. Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, Ríkarður Másson.			

Því. Skrifleg ósk um kosningu skal hafa borist biskupi eigi síðar en að hálfum mán-uði liðnum frá þeim degi er kallið var auglýst laust til umsóknar.“

- Ofangreindu embætti fylgir prestssetur, með þeim réttindum og skyldum sem því til-heyrrir samkvæmt gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.
- Allar nánari upplýsingar um embættið, starfskjör, erindisbréf, helstu lög og reglur sem um starfið gilda, eru veittar á biskups-stofu, s. 535 1500, grænt nr. 800 6550, fax 551 3284.
- Umsóknarfrestur rennur út 20. febrúar 2001.
- Umsóknir sendist biskupi Íslands, biskups-stofu, Laugavegi 31, 150 Reykjavík.

Embættinu fylgja viðbótarskyldur skv. nánari ákvörðun biskups.

Það athugist að embætti sóknarpresta eru aug-lýst með fyrirvara um breytingar á sóknar- og prestakallaskipan. Prestum er skylt að hlíta breytingu á störfum sínum og verksviði á skip-unartímanum sbr. 19. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Með vísan til 13. og 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 eru konur hvattar til að sækja um ofangreint embætti.

Reykjavík, 16. janúar 2001.
F. h. b.
Ragnheiður Benediktsdóttir.

(677

Stefnur

Dómstjóri héraðsdóms Norðurlands eystra, Freyr Ófeigsson

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Jón Kr. Sólnes hrl., kt. 170648-3079, Strandgötu 29, Akureyri, að hann þurfi fyrir hönd Íslenskra verðbréfa hf., kt. 610587-1519, Skipagötu 9, Akureyri, að höfða mál gegn handhafa neðangreinds hlutabréfs í Hlutabréfasjóði Íslands hf., (áður Hlutabréfasjóði Norðurlands) til ógildingar hlutabréfsins.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær kröfur að neðangreint hlutabréf í Hlutabréfasjóði Ís-lands hf. verði ógilt með dómi. Bragi Benedikts-son, kt. 060837-7169, Grímtungu 2, Mývatns-sveit. Bréf nr. 200827 að nafnverði kr. 95.926.

Málsástæður: Stefnandi kveður bréf þetta vera glatað og hafi ekki fundist þrátt fyrir mikla leit. Eiganda bréfsins sé því nauðsyn á að fá það ógilt með dómi til að geta neytt þeirra réttinda sem bréfið ber með sér. Hafi hann veitt stefn-anda umboð sitt til málshöfðunar í þessu skyni.

Lagarök: Stefnandi kveðst vísa til 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í héraði.

Sönnunargögn: Stefnandi kveðst munu leggja fram við þingfestingu málsins:

- Stefnu þessa.
- Eintak þess Lögbirtingablaðs sem stefnan birtist í.
- Beiðni um ógildingu hlutabréfsins.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hverjum þeim sem telur sig eiga lögmætt tilkall til ofangreinds hlutabréfs eða telur til réttinda yfir því, að mæta í héraðsdómi Norðurlands eystra sem haldinn verður í dómsal embættisins, Hafnarstræti 107, Akureyri fimmtudaginn 15. mars 2001 kl. 13.30, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í rétt lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og leggja fram gögn af sinni hálfu þar eð ella má búast við að framangreint hlutabréf verði ógilt með dómi. Stefnufrestur er einn mánuður.

Akureyri, 5. janúar 2001.
Freyr Ófeigsson.

(379

Dómstjóri héraðsdóms Norðurlands eystra, Freyr Ófeigsson

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Árni Pálsson hrl., kt. 070352-2579, Strandgötu 29, Akureyri, að hann þurfi fyrir hönd Sigurveigar Árnadóttur, kt 240919-3119, Austurbyggð 17, Akureyri, að höfða mál fyrir héraðsdómi Norðurlands eystra til ógildingar á veðskuldabréfi.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dóm-kröfur að ógilt verði með dómi veðskuldabréf upp-haflega að fjárhæð kr. 950.000 útgefið á Akureyri 26. júní 1989 af Birni Steinari Sólbergssyni og Hrefnu Harðardóttur til Sigurveigar Árnadóttur tryggðu upphaflega með 1. veðrétti í fasteigninni Þórunnarstræti 106, efri hæð, Akureyri, þinglýst 6. júlí 1989 nr. 1989/2951.

Málavextir og málsástæður: Veðskuldabréfið sem krafist er ógildingar á var upphaflega að fjár-hæð kr. 950.000 útgefið á Akureyri 26. júní 1989 af Birni Steinari Sólbergssyni og Hrefnu Harðar-dóttur til Sigurveigar Árnadóttur. Veðskuldabréf-ið átti að endurgreiða með 10 afborgunum á sex mánaða fresti í fyrsta skipti 10. febrúar 1989.

Skuldari skuldbatt sig til að greiða tilgreinda ársvexti sem skyldu vera skv. auglýsingum Seðlabanka Íslands um meðaltalsvexti á hverj-um tíma. Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu skuldarinnar veðsetti útgefandi skuldar-eiganda með 1. -fyrsta- veðrétti og uppfærslu-rétti fasteignina Þórunnarstræti 106, efri hæð og hl. kjallara, Akureyri. Veðskuldabréfinu var þinglýst 6. júlí 1989 nr. 1989/2951.

Framangreint veðskuldabréf segir stefnandi að fullu greitt en frumrit þess sé glatað og hafi ekki fundist þrátt fyrir mikla leit og eftir-grennslan. Vegna þessa hafi ekki verið unnt að afmá veðskuldabréfið úr veðmálabókum og sé honum því brýn nauðsyn á að fá dóm til ógild-ingar á veðskuldabréfinu svo unnt sé að aflétta því af fasteigninni.

Lagarök: Stefnandi vísar til ákvæða 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991 til stuðnings kröfu sinni.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunar-gögn:

- Frumrit stefnu.
- Skrá yfir framlögð skjöl.
- Ljósrit skuldabréfs.
- Lögbirtingablað, sem stefnan birtist í.
- Þinglýsingarvottorð.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa framangreint veðskulda-bréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, til þess að mæta í héraðsdómi Norðurlands eystra, er haldinn verður að Hafnarstræti 107, Akureyri, fimmtudaginn 15. mars 2001 kl. 13.30, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og leggja fram gögn af sinni hálfu en ella má búast við að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Akureyri, 5. janúar 2001.
Freyr Ófeigsson.

(380

Dómstjóri héraðsdóms Norðurlands eystra, Freyr Ófeigsson

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Árni Pálsson hrl., kt. 070352-2579, Strandgötu 29, Akureyri, að hann þurfi fyrir hönd Hreins Ketilssonar, kt. 140324-2219, Sunnuhlíð, 601 Akureyri, að höfða mál fyrir héraðsdómi Norðurlands eystra til ógildingar á veðskuldabréfi.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dóm-kröfur að ógilt verði með dómi veðskuldabréf upp-haflega að fjárhæð kr. 635.000 útgefið á Finna-stöðum 28. apríl 1989 af Katli Helgasyni til Hreins Ketilssonar tryggðu upphaflega með 2. veðrétti í Finnastöðum, Hrafnagilshreppi nú Eyjafjarðar-sveit, þinglýst 1. júní 1989 nr. 1989/2199.

Málavextir og málsástæður: Veðskuldabréf-ið sem krafist er ógildingar á var upphaflega að fjárhæð kr. 635.000 útgefið á Finnastöðum 28. apríl 1989 af Katli Helgasyni til Hreins Ketils-sonar samhliða og samhljóða 5 öðrum skulda-bréfum og hvíldi þannig kr. 3.810.000 á veðrétt-inum. Veðskuldabréfið átti að endurgreiða með 20 afborgunum á sex mánaða fresti í fyrsta skipti 1. maí 1988.

Skuldari skuldbatt sig til að greiða tilgreinda ársvexti, þá 9,5%, sem skyldu vera skv. útreikningi Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu skuldarinnar veð-setti útgefandi skuldareiganda með 2. -öðrum- veð-rétti og uppfærslurétti Finnastaði, Hrafnagils-hreppi. Veðskuldabréfið er nú tryggt með 4. veð-rétti í Finnastöðum, Eyjafjarðarsveit. Veðskulda-bréfinu var þinglýst 1. júní 1989 nr. 1989/2199.

Framangreint veðskuldabréf er glatað og hefur ekki fundist þrátt fyrir mikla leit og eftir-grennslan. Vegna þess hefur stefnandi ekki get-að nýtt sér rétt sinn skv. veðskuldabréfinu og er honum því brýn nauðsyn á að fá dóm til ógild-ingar á veðskuldabréfinu.

Lagarök: Stefnandi vísar til ákvæða 120. gr. og 121. gr. laga nr. 91/1991 til stuðnings kröfu sinni.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunar-gögn:

- Frumrit stefnu.
- Skrá yfir framlögð skjöl.
- Ljósrit veðskuldabréfs.
- Lögbirtingablað, sem stefnan birtist í.
- Þinglýsingarvottorð.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa framangreint veðskulda-bréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, til þess að mæta í héraðsdómi Norðurlands eystra, er haldinn verður að Hafnarstræti 107, Akureyri, fimmtudaginn 15. mars 2001 kl. 13.30, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og til að leggja fram gögn af sinni hálfu en ella má búast við að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Akureyri, 5. janúar 2001.
Freyr Ófeigsson.

(381

Dómstjórinn í Reykjavík, Friðgeir Björnsson

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Sigurður Jónsson hrl., Austurvegi 3, 800 Selfossi, fyrir hönd Friðgeirs Stefánssonar, kt. 221044-4799, Laugardalshólum, Laugardalshreppi, 801 Selfossi, að hann þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á skuldabréfi.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að ógilt verði með dómi skuldabréf upphaflega að fjárhæð kr. 108.498 útgefið þann 31. janúar 1993 af ríkissjóði til Friðgeirs Stefánssonar.

Málsatvik og málsástæður: Skuldabréfið sem gefið var út í Reykjavík þann 31. janúar 1993, upphaflega að fjárhæð kr. 108.498 var vegna greiðslna ríkissjóðs til bænda fyrir fullvirðisrétt í sauðfjárframleiðslu og förgun bústofns. Skuldabréfið átti að greiðast með fjórum árlegum gjalddögum í fyrsta skipti þann 20. janúar 1994 og skyldi greiðslustaður vera ríkisfjárhirsla, Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík. Framvísa átti bréfinu við greiðslu. Bréfið var verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu 1030 stig og bar 5% fasta vexti sem skyldu reiknast frá 1. janúar 1993. Bréfið er gjaldfallið og hefur ekkert verið greitt af því. Stefnandi hefur ekki getað vitjað um andvirði bréfsins vegna þess að bréfið er glatað og hefur frumrit þess ekki fundist þrátt fyrir ítarlega leit og eftirgrennslan. Af þeim sökum hefur ekki verið unnt að framvísa bréfinu og fá greiðslu samkvæmt því. Er stefnanda því nauðsynlegt að fá dóm til ógildingar á skuldabréfinu og í kjölfar þess krefjast greiðslu á því sem skjalið hljóðar um eins og hann hefði það í höndum.

Lagarök: Um lagarök vísar stefnandi til laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 einkum 120. og 121. gr. í XVIII. kafla þeirra laga.

Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa kveðst stefnandi munu leggja fram:

- Stefnu þessa.
- Skrá yfir framlögð skjöl.
- Beiðni um útgáfu ógildingarstefnu.
- Eintak þess Lögbirtingablaðs sem stefna þessi birtist í.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa framangreint skuldabréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, til að mæta þegar mál þetta verður þingfest í héraðsdómi Reykjavíkur, dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þriðjudaginn 6. mars 2001, kl. 10.00 til þess þar og þá að sanna rétt sinn til skjalsins, þar sem ella má búast við því að útivistardómur gangi í málinu og krafa stefnanda um ógildingu skjalsins verði tekin til greina.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 10. janúar 2001.
Friðgeir Björnsson.

(681

Innkallanir

Með úrskurði héraðsdóms Austurlands, upp-kveðnum þann 22. desember 2000, var bú Strandasíldar hf., kt. 520190-1559, Strandarvegi 29-33, Seyðisfirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við skiptin er 29. nóvember 2000.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í vörslum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan þriggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Kaupvangi 2, 700 Egilsstöðum.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bú-sins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Kaupvangi 2, 700 Egilsstöðum, föstudaginn 4. maí 2001 kl. 17.00. Komi ekkert fram um eignir

í búinu verður skiptum lokið á þeim fundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 að öðrum skilyrðum uppfylltum. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir boðaðan skiptafund.

Egilsstöðum, 10. janúar 2001.
Hilmar Gunnlaugsson hdl.,
skiptastjóri.

(532 a

Stjórn Olíuverzlunar Íslands hf., kt. 500269-3249, gerir kunnugt að með heimild í 2. mgr. 27. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995 og samþykktir félagsins, hefur hún tekið ákvörðun um að hluta-bréf í félaginu verði tekin til rafrænnar skráningar í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. Rafræn skráning tekur gildi mánudaginn 30. apríl árið 2001 kl. 9.00 árdegis. Frá þeim tíma ógildast hin áþreifanlegu hlutabréf í félaginu í samræmi við heimild í ákvæði til bráðabirgða nr. II í lögum nr. 131/1997, um rafræna eignaskráningu verðbréfa, sbr. 6. gr. laga nr. 32/2000, um breytingu á ýmsum lögum vegna tilkomu rafrænnar eignarskráningar á verðbréfum og reglugerð nr. 397/2000, um rafræna eignarskráningu verðbréfa í verðbréfamiðstöð.

Nánar tilgreint verða öll hlutabréf Olíuverzlunar Íslands hf. tekin til rafrænnar skráningar, en þau eru öll í einum flokki, auðkennd númerum og gefin út á nafn hluthafa. Útgáfudags er getið á hverju bréfi.

Hér með er skorað á alla eigendur ofangreindra hlutabréfa, sem telja nokkurn vafa leika á því að eignarhald þeirra sé réttilega fært í hlutaskrá Olíuverzlunar Íslands hf., að staðreyna skráning-una með fyrirspurn til skrifstofu Olíuverzlunar Íslands hf. að Sundagöðrum 2, Reykjavík. Komi í ljós við slíka könnun að eigendaskipti hafi ekki verið skráð ber eigendum að færa sönnur á þau gagnvart félaginu innan þriggja mánaða frá síðari birtingu innköllunar þessarar.

Ennfremur er skorað á alla þá sem eiga tak-mörkuð réttindi til ofangreindra hlutabréfa, s.s. veðréttindi, að koma þeim á framfæri við fullgilda reikningsstofnun, sbr. 10. gr. laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, innan þriggja mánaða frá síðari birtingu innköllunar þess-arar. Gæta skal þess að reikningsstofnun hafi gert aðildarsamning við Verðbréfaskráningu Íslands hf.

Við rafræna útgáfu ofangreindra hlutabréfa er nafnverð hluta ákveðið ein króna eða margfeldi þar af.

Að lokinni rafrænni skráningu geta hluthafar falið reikningsstofnun, sem gert hefur aðildar-samning við Verðbréfaskráningu Íslands hf., umsjón með eignarhlut sínum í félaginu. Hlut-hafar munu fá sendar tilkynningar og reikn-ingsyfirlit í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 397/2000.

Reykjavík, 12. janúar 2001.
Olíuverzlun Íslands hf.
Gísli Baldur Garðarsson,
stjórnarformaður.

(540 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-kveðnum 3. janúar 2001, var bú Arnars Valgarðssonar, kt. 210346-3099, Miðtúni 12, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirrituð skipuð skiptastjóri. Frestdagur við skiptin er 11. júlí 2000.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda og annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröf-um sínum fyrir undirritaðri innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Laugavegi 97, 101 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá og lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bú-sins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Lauga-vegi 97, miðvikudaginn 18. apríl 2001 kl. 10.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(547 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-kveðnum 3. janúar 2001, var bú Friðriks St. Jóns-sonar, kt. 010453-2599, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirrituð skipuð skiptastjóri. Frestdagur við skiptin er 15. september 2000.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda og annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröf-um sínum fyrir undirritaðri innan tveggja mán-aða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Laugavegi 97, 101 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá og lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bú-sins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Laugavegi 97, miðvikudaginn 18. apríl 2001 kl. 11.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(548 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-kveðnum 3. janúar 2001, var bú Hilmars Kára Hallbjörnssonar, kt. 050173-4370, Laufengi 15, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirrituð skipuð skiptastjóri. Frestdagur við skiptin er 15. september 2000.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda og annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröf-um sínum fyrir undirritaðri innan tveggja mán-aða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Laugavegi 97, 101 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá og lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bú-sins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Lauga-vegi 97, miðvikudaginn 18. apríl 2001 kl. 13.30.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(549 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-kveðnum 3. janúar 2001, var bú Jóns Rúnars Jónssonar, kt. 161264-5209, Hamrabergi 7, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirrituð skipuð skiptastjóri. Frestdagur við skiptin er 15. september 2000.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda og annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröf-um sínum fyrir undirritaðri innan tveggja mán-aða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Laugavegi 97, 101 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá og lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bú-sins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Lauga-vegi 97, miðvikudaginn 18. apríl 2001 kl. 14.30.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(550 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-kveðnum 3. janúar 2001, var bú Gleraugnahúss Óskars ehf., kt. 500895-2259, Laugavegi 8, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirrituð skipuð skiptastjóri. Frestdagur við skiptin er 14. júní 2000.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda og annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröf-um sínum fyrir undirritaðri innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Laugavegi 97, 101 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá og lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bú-sins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Laugavegi 97, fimmtudaginn 19. apríl 2001 kl. 10.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(551 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-kveðnum 3. janúar 2001, var bú HH fram-kvæmda ehf., kt. 611298-2509, Vegghömrum 49, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirrituð skipuð skiptastjóri. Frest-dagur við skiptin er 15. september 2000.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda og annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröf-um sínum fyrir undirritaðri innan tveggja mán-aða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Laugavegi 97, 101 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá og lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum bú-sins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Laugavegi 97, fimmtudaginn 19. apríl 2001 kl. 11.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(552 a

Reykjavík, 12. janúar 2001.
Guðrún Helga Brynleifsdóttir hdl.

Stjórn Sæplasts hf., kt. 690384-0789, gerir kunnugt að með heimild í 2. mgr. 27. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, hefur hún tekið ákvörðun um að hlutabréf í félaginu verði tekin til raf-rænnar skráningar í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. Rafræn skráning tekur gildi mánu-daginn 30. apríl árið 2001 kl. 9.00 árdegis. Frá þeim tíma ógildast hin áþreifanlegu hlutabréf í félaginu í samræmi við heimild í ákvæði til bráðabirgða nr. II í lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, sbr. 6. gr. laga nr. 32/2000, um breytingar á ýmsum lögum vegna tilkomu rafrænnar eignarskráningar á verðbréfum og reglugerð nr. 397/2000, um raf-ræna eignarskráningu verðbréfa í verðbréfamið-stöð.

Nánar tilgreint verða öll hlutabréf Sæplasts hf. tekin til rafrænnar skráningar, en þau eru í þremur flokkum, auðkennd raðnúmerum nr. E-3001-E-5500, H-1 – H-3069, J-3001- J-3430 og gefin út á nafn hluthafa. Útgáfudags er getið á hverju bréfi.

Hér með er skorað á alla eigendur ofan-greindra hlutabréfa, sem telja nokkurn vafa leika á því að eignarhald þeirra sé réttilega fært í hlutaskrá Sæplasts hf. að staðreyna skráninguna með fyrirspurn til skrifstofu Sæplasts hf. að Gunnarsbraut 12, 620 Dalvík. Komi í ljós við slíka könnun að eigendaskipti hafi ekki verið skráð ber eigendum að færa sönnur á þau gagn-vart félaginu innan þriggja mánaða frá síðari birtingu innköllunar þessarar.

Ennfremur er skorað á alla þá sem eiga takmörkuð réttindi til ofangreindra hlutabréfa, s.s. veðréttindi, að koma þeim á framfæri við fullgilda reikningsstofnun, sbr. 10. gr. laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verð-bréfa, innan þriggja mánaða frá síðari birtingu innköllunar þessarar. Gæta skal þess að reikn-ingsstofnun hafi gert aðildarsamning við Verð-bréfaskráningu Íslands hf.

Við rafræna útgáfu ofangreindra hlutabréfa er nafnverð hluta ákveðið ein króna eða margfeldi þar af.

Að lokinni rafrænni skráningu geta hluthafar falið reikningsstofnun sem gert hefur aðildar-samning við Verðbréfaskráningu Íslands hf. um-sjón með eignarhlut sínum í félaginu. Hluthafar munu fá sendar tilkynningar og reikningsyfirlit í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 397/2000.

Dalvík, 16. janúar 2001.
F.h. Sæplasts hf.
Steinþór Ólafsson.

(687 a

Stjórn Kögunar hf., kt. 490389-2619, gerir kunnugt að með heimild í 2. mgr. 27. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, hefur hún tekið ákvörðun um að hlutabréf í félaginu verði tekin til raf-rænnar skráningar í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. Rafræn skráning tekur gildi mánu-daginn 30. apríl árið 2001 kl. 9.00 árdegis. Frá þeim tíma ógildast hin áþreifanlegu hlutabréf í félaginu í samræmi við heimild í ákvæði til bráðabirgða nr. II í lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, sbr. 6. gr. laga nr. 32/2000, um breytingar á ýmsum lögum vegna tilkomu rafrænnar eignarskráningar á verðbréfum og reglugerð nr. 397/2000, um raf-ræna eignarskráningu verðbréfa í verðbréfamið-stöð.

Nánar tilgreint verða öll hlutabréf Kögunar hf. tekin til rafrænnar skráningar, en þau eru öll í einum flokki, auðkennd raðnúmerum frá A-1 til og með nú í A-6046 og J-1 til og með nú í J-159 og gefin út á nafn hluthafa. Útgáfudags er getið á hverju bréfi.

Hér með er skorað á alla eigendur ofan-greindra hlutabréfa, sem telja nokkurn vafa leika á því að eignarhald þeirra sé réttilega fært í hlutaskrá Kögunar hf., að staðreyna skráninguna með fyrirspurn til skrifstofu Kögunar hf. að Lynghálsi 9, 110 Reykjavík. Komi í ljós við slíka könnun að eigendaskipti hafi ekki verið skráð ber eigendum að færa sönnur á þau gagn-vart félaginu innan þriggja mánaða frá síðari birtingu innköllunar þessarar.

Ennfremur er skorað á alla þá sem eiga tak-mörkuð réttindi til ofangreindra hlutabréfa, s.s. veðréttindi, að koma þeim á framfæri við full-gilda reikningsstofnun, sbr. 10. gr. laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verð-bréfa, innan þriggja mánaða frá síðari birtingu innköllunar þessarar. Gæta skal þess að reikn-ingsstofnun hafi gert aðildarsamning við Verð-bréfaskráningu Íslands hf.

Við rafræna útgáfu ofangreindra hlutabréfa er nafnverð hluta í félaginu 90.000.000 - níutíu milljónir - og skiptist í einnar krónu hluta eða margfeldi þar af.

Að lokinni rafrænni skráningu geta hluthafar falið reikningsstofnun, sem gert hefur aðildar-samning við Verðbréfaskráningu Íslands hf., umsjón með eignarhlut sínum í félaginu. Hlut-hafar munu fá sendar tilkynningar og reiknings-yfirlit í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 397/2000.

Athygli er vakin á því að vegna hinnar raf-rænu skráningar reynist nauðsynlegt að loka fyr-ir viðskipti með hlutabréf Kögunar hf. mánudag-inn 30. apríl 2001.

Reykjavík, 16. janúar 2001.
Stjórn Kögunar hf.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Jón Benediktsson.
Örn Karlsson.

(649 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-kveðnum miðvikudaginn 20. desember 2000, var bú Tankasmiðjunnar ehf., kt. 640796-2519, Suðurgötu 12, Sandgerði, tekið til gjaldþrota-skipta. Frestdagur við skiptin er 9. nóvember 2000.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Hafn-arhvoli, Tryggvagötu 11, 101 Reykjavík.

Skiptafundur í búinu verður haldinn á skrif-stofu skiptastjóra að Hafnarhvoli, Tryggvagötu 11, 101 Reykjavík, föstudaginn 27. apríl 2001 kl. 10.00. Á fundinum verður gerð grein fyrir hag búins og teknar ákvarðanir um ráðstöfun á

eignum og réttindum þess. Þá verður fjallað um kröfulýsingarskrá, en hún mun liggja frammi síðustu vikuna fyrir fundinn á skrifstofu skipta-stjóra.

(660 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-kveðnum miðvikudaginn 20. desember 2000, var bú Gests Eyjólfssonar, kt. 270753-5669, Fífumóa 1b, Njarðvík, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við skiptin er 9. nóvember 2000.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Hafn-arhvoli, Tryggvagötu 11, 101 Reykjavík.

Skiptafundur í búinu verður haldinn á skrif-stofu skiptastjóra að Hafnarhvoli, Tryggvagötu 11, 101 Reykjavík, föstudaginn 27. apríl 2001 kl. 10.30. Á fundinum verður gerð grein fyrir hag búins og teknar ákvarðanir um ráðstöfun á eignum og réttindum þess. Þá verður fjallað um kröfulýsingarskrá, en hún mun liggja frammi síðustu vikuna fyrir fundinn á skrifstofu skipta-stjóra.

(661 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, upp-kveðnum miðvikudaginn 20. desember 2000, var bú Kristins Ingimundarsonar, kt. 241268-3309, Faxabraut 4, Keflavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við skiptin er 9. nóvember 2000.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Hafn-arhvoli, Tryggvagötu 11, 101 Reykjavík.

Skiptafundur í búinu verður haldinn á skrif-stofu skiptastjóra að Hafnarhvoli, Tryggvagötu 11, 101 Reykjavík, föstudaginn 27. apríl 2001 kl. 11.00. Á fundinum verður gerð grein fyrir hag búins og teknar ákvarðanir um ráðstöfun á eignum og réttindum þess. Þá verður fjallað um kröfulýsingarskrá, en hún mun liggja frammi síðustu vikuna fyrir fundinn á skrifstofu skipta-stjóra.

(662 a

Reykjavík, 12. janúar 2001.
Viðar Lúðvíksson hdl.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-kveðnum 10. nóvember 2000, var dánarbú Nínu Guðrúnar Sigurjónsdóttur, kt. 281155-4669, síðast til heimilis að Vegghömrum 6, Reykjavík, tekið til opinberra skipta. Undirritaður hefur verið skipaður skiptastjóri búins.

Er hér með skorað á alla þá er telja til skulda eða annarra réttinda á hendur dánarbúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar inn-köllunar.

Kröfulýsingar skulu sendar skrifstofu skipta-stjóra að Austurströnd 6, 170 Seltjarnarnesi.

Seltjarnarnesi, 12. janúar 2001.
Jóhannes Albert Sævarsson hrl.

(670 a

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands, upp-kveðnum þann 12. janúar 2001, var bú Röra- og stíflubjónustunnar ehf., kt. 701292-2359, Heið-mörk 12, Hveragerði, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 10. nóv-ember 2000.

Hér með er skorað á alla þá er telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í vörslum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu inn-

köllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar til skrifstofu skiptastjóra að Austurvegi 6, 800 Selfossi.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Austurvegi 6, Selfossi, 9. apríl 2001 kl. 9.00. Skrá yfir lýstar kröfur mun liggja frammi á sama stað síðustu vikuna fyrir skiptafund.

Selfossi, 14. janúar 2001.
Óskar Sigurðsson hdl.,
skiptastjóri.

(671 a

Bú Löggiltra fasteignasala Gullinbrú ehf., kt. 541197-2749, Eyjaslóð 5, Reykjavík, var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur sem kveðinn var upp þann 10. janúar 2001. Frestdagur við skiptin er 11. júlí 2000.

Hér með er skorað á lánardrottna og aðra þá er telja sig eiga kröfur á hendur búinu eða muni í þess vörslum, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar undirrituðum skiptastjóra, Kristjáni Ólafssyni hrl., Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík.

